

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Fossvogsvegur (Vigdísarlundur).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. maí 2017, deiliskipulag fyrir svæði í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum. Megintilgangur með gerð deiliskipulagsins er að fylgja eftir áformum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um mótun byggðar í vestanverðum Fossvogi og stuðla að hæfilegri uppbyggingu á svæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fossvogsdalur, stígar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 24. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Fossvogsdals fyrir hjóla- og göngustíga. Í breytingunni felst að skipulagsmörkum gildandi deiliskipulags er breytt í samræmi við mörk nýs deiliskipulags Fossvogsvegur, Vigdísarlundur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fáfnisnes 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 30. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi Skildinganes vegna lóðarinnar nr. 1 við Fáfnisnes. Í breytingunni felst m.a. aukning á nýtingarhlutfalli, nýr byggingarreitur fyrir sólskála og breyting bílgeymslu í vinnustofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 30. júní 2017

Björn Axelsson.